


Styrkir til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði

Úthlutun í mars 2026



Styrkir loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði

Mars 2026

Útgefandi: Loftslags- og orkusjóður

Útgáfunúmer: UOS-2026:06

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2

108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.orkusjodur.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Um styrki til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði	4
2 Mat og forgangsröðun verkefna	4
2.1 Styrkhæfi	4
2.2 Áherslur auglýsingar.....	5
2.3 Gæði umsóknar	5
3 Upplýsingar um umsóknir.....	6
4 Úthlutun styrkja.....	7
5 Ávinningur.....	9

1 Um styrki til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði

Í lok árs 2025 auglýsti Loftslags- og orkusjóður 80 m.kr. í styrki til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði. Auglýst var eftir umsóknum í nóvember og umsóknarfrestur var til 22. desember 2025. Markmið styrkjanna er að styðja við innleiðingu á tækni sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda með minni áburðarnotkun. Aðferðir nákvæmnislandbúnaðar við áburðardreifingu skila sér í bættri nýtingu næringarefna, minni losun gróðurhúsalofttegunda og bættum rekstri. Árangur getur verið breytilegur eftir ræktunaraðstæðum en áhrifin eru alltaf jákvæð. Búnaðurinn er þó dýr og þessum styrkveitingum er ætlað að koma til móts við það. Um veitingu styrkja fer samkvæmt reglugerð [nr. 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð.

2 Mat og forgangsröðun verkefna

2.1 Styrkhæfi

Styrkir eru veittir til framleiðenda landbúnaðarafurða, sem uppfylla skilyrði 4. mgr. 30. gr. [búvörulaga](#), vegna fjárfestingar í tækjakaupum sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda vegna áburðarnotkunar í landbúnaði.

Jafnframt er heimilt að veita styrki til kaupa á búnaði sem keyptur er í samstarfi aðila, svo sem í gegnum búnaðarfélag eða verktaka sem annast áburðardreifingu fyrir bændur. Dæmi um styrkhæf tækjakaup eru eftirfarandi:

- GPS tækni fyrir bætta nákvæmni við áburðardreifingu
- Tækni til niðurfellingar/-lagningar á áburði
- Önnur tæki sem bætt geta nýtingu áburðar og minnkað áburðarnotkun í landbúnaði

Nokkur verkefni voru metin óstyrkhæf þar sem búnaður hafði þegar verið keyptur og jafnvel notaður áður en auglýst var eftir styrkjum en samkvæmt 5. mgr. 7. gr. [reglugerðar 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð er verkefni eða hluti verkefnis sem hefur þegar verið unnið ekki styrkhæft.

2.2 Áherslur auglýsingar

Samkvæmt auglýsingu var áhersla fyrst og fremst lögð á að styrkja verkefni sem falla að hlutverki sjóðsins og horft var til þess að **forgangsraða verkefnum sem skila mestum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda (koldíoxíðs-ígilda) á hverja styrkkrónu.**

Auk framangreindra sjónarmiða var heimilt við mat á umsóknum og ákvörðun úthlutunar að taka tillit til sjónarmiða er fram koma í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um Loftslags- og orkusjóð eftir því sem við á.

2.3 Gæði umsóknar

Við mat og forgangsörðun verkefna skipti máli hversu greinargóðar upplýsingar fylgdu umsókn. Eftirfarandi gögn áttu að fylgja styrkumsókn:

- Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- Nafn, kennitala og símanúmer þess sem annast samskipti við sjóðinn.
- Lýsing á verkefninu og því hvernig verkefnið samræmist markmiðum og skilgreindum áherslum styrkveitingarinnar skv. VIII. kafla reglugerðar 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð, þar á meðal:
 - a. stærð landsvæðis (ha)
 - b. sparnaður í CO₂-íg/ári
 - c. magn áburðar á ári (tonn)
 - d. áætlaður sparnaður í áburðarnotkun á ári (tonn)
 - e. tegund áburðar
- Tíma- og verkáætlun.
- Sundurliðuð fjárhagsáætlun verkefnis og upplýsingar um fjármögnun.

Umsóknir voru almennt vel unnar en þó vantaði stundum mikilvægar upplýsingar sem hefðu gefið fagraði betri forsendur til að sannreyna áætlaðan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.


Til að gæta samræmis við samanburð og forgangsörðun var umsókn hafnað ef hvorki var hægt að leggja mat á hagkvæmni styrkveitingar (kg CO₂-íg/ári fyrir hverja styrkta krónu) né trúverðugleika áætlunar um samdrátt í losun, svo sem með upplýsingum um stærð lands eða magn áburðar.

3 Upplýsingar um umsóknir

Alls bárust 83 umsóknir frá 77 lögaðilum. Sótt var um samtals 282 m.kr. og er áætluð heildarfjárfesting vegna þessara verkefna 759 m.kr. Umsóknirnar má gróflega flokka á eftirfarandi hátt:

Tafla 1 Flokkun umsókna eftir tegund.

Verkefni	Fjöldi umsókna
GPS áburðadreifari	43
Bætt tækni fyrir lífrænan áburð (t.d. naflastrengskerfi)	15
Dráttarvél	7
Sáningarvél	4
Kalkdreifing	3
Drenkerfi	1
Annað	10



Mynd 1 Hlutfallsleg skipting umsókna eftir tegund.

Alls höfðu 17 umsækjendur þegar fjárfest í þeim búnaði sem sótt var um styrk fyrir, að hluta eða öllu leyti, áður en styrkir voru auglýstir. Auk þess höfðu sumir þegar tekið búnaðinn í notkun. Samkvæmt reglugerð 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð er verkefni eða hluti verkefnis sem hefur þegar verið unnið ekki styrkhæft og voru því ekki veittir styrkir til þeirra sem höfðu fjárfest í búnaði áður en auglýst var eftir styrkjum.

4 Úthlutun styrkja

Líkt og fram hefur komið var lögð megináhersla á að forgangsraða verkefnum sem skila mestum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda (koldíoxíðs-ígilda) á hverja styrkkrónu. Við yfirferð umsókna kom í ljós að GPS-tækni og niðurfellingarbúnaður reyndust almennt hagkvæmustu aðgerðirnar m.t.t. ávinnings á styrkta krónu.

Alls hljóta 42 verkefni styrk fyrir samtals 80 m.kr. og nemur áætlaður heildarkostnaður vegna þeirra verkefna 228 m.kr. Yfirlit yfir styrkþega, styrkuppþæðir og áætlaðan samdrátt gróðurhúsalofttegunda má sjá í töflunni að neðan.

Tafla 2 Styrkþegar í átaksverkefninu Styrkir til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði.

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun (kr.)
Árni Gunnarsson	Loftslagsvæn áburðardreifing í Þingeyjarsýslu	2.776.822
Bogi Pétur Eiríksson	Kaup á GPS áburðardreifara	2.480.000
Búnaðarfélag Gnúpverja	Kaup á haugsugu með niðurlagningarbúnaði/slöngubúnaði	3.992.000
Búnaðarfélag Hvammsfjarðar	Bætt nýting á áburði í Dalabyggð	2.300.000
Búnaðarfélag Mýrdalshrepps	Búnaðarfélag Mýrdalshrepps - Niðurfelling áburðar	1.032.000
Félagsbúið Gautlöndum	Kaup á gps áburðardreifara	699.600
Félagsbúið Holti 2	Holt Álftaveri	1.620.400
Gísli Hauksson	Kaup á gps áburðardreifara	1.012.800
Göngustaðir Ehf	Kaup á hugsugu og slöngudreifikerfis	3.720.846
Gráhöll ehf	Kaup á GPS stýrðum áburðardreifara og GPS stýribúnaði í dráttarvél.	1.488.400
Greifabúið.ehf	Kaup á GPS Með RTK Base sjálfstýringarbúnaði	300.735
Grettir Hjörleifsson	Kaup á Haugsugu með slöngubúnaði	4.796.000
Grís og flesk ehf	GPS stýring á þreskivél	2.680.000
Grís og flesk ehf	GPS stýrð sáðvél	2.928.000
Guðmundur Magnússon	Betri nýting tilbúins áburðar og notkun á Moltu í landbúnaði.	4.281.200
Gunnar Þormar Þorsteinsson	Kaup á GPS áburðardreifara	1.399.200

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun (kr.)
Hákon Bjarki Harðarson	Sáningsvél með niðurfellingu á áburði og GPS stýrð	966.240
Halldór Líndal Jósafatsson	Kaup á GPS áburðardreifara	1.337.200
Hermann Ingi Gunnarsson	Markvissari nýtinga á áburði og tryggari uppskera	966.240
Hestafl verktakar ehf	Kaup á GPS áburðardreifara	1.839.943
Heyannir ehf	Kaup áburðardreifara með gps	320.000
Hurðarbaks-búið ehf	Kaup á GPS sjálfstýringarbúnaði í dráttarvél.	869.600
Ingvar Ragnarsson	Kaup á GPS sjálfstýringarbúnaði	560.000
Jökultak ehf	Innleiðing nákvæms áburðardreifara til samdráttar í CO ₂ -losun	2.440.000
Kári Ottósson	Kaup á gps áburðardreyfara	310.000
Keldudalur ehf	Naflastrengur og sjálfstýring til að hámarka nýtingu búfjáráburðar	8.280.000
Magnús Þór Eggertsson	Kaup á gps áburðardreifara	1.412.400
Mjólk og menn	Áburðardreifing	1.345.200
Mýranaut ehf	Áburðarsparnaður	2.480.000
Mýrar 3 ehf.	Kaup á niðurlagningarbúnaði (slöngubúnaði)	1.196.000
Nýpugarðar	Nýpugarðar og Viðborðssel	1.400.000
Ólafsvellir ehf.	Glussadrifinn áburðardreifing	2.800.000
Önnupartur ehf	GPS búnaður í NH dráttarvél	624.000
Pétur B Guðmundsson	Kaup á Mastek dreifigreiðu 7,6 m (Dribble Bar)	1.152.000
Pétur B Guðmundsson	Kaup á Bogballe M35W PLUS ISOBUS áburðardreifara (nýtir GPS í dráttarvél	1.273.600
Réttarklettur ehf	Kaup á GPS áburðardreifara	1.432.400
Rjórnabúið Raufarfelli ehf	Rennislétt landbúnaðarland og besta mögulega áburðarnýtingin	2.040.000
Skútustaðir ehf	Kaup á GPS stýrðum áburðardreifara	699.600
Steinar Haukur Kristbjörnsson	Áburðardreyfari Sigtún	1.900.000
Stjörnumót ehf	Áburður, tilbúinn áburður	2.160.000
Vélaleigan Kvisti ehf	Áburðardreifing	2.136.948
Ylfélagið ehf	Bætt nýting vatns og áburðar í gróðurhúsaræktun	580.000
Samtals		80.029.374

Verkefni sem þegar höfðu verið fjármögnuð eða féllu utan markmiða sjóðsins hlutu ekki styrk. Ekki var heldur unnt að styrkja verkefni sem skorti skýrar og rökstuddar forsendur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Ákveðið var styrkja ekki orkuskiptaverkefni á borð við rafmagnsvæðingu haughræra þar sem innleiðingu telst lokið. Einnig var ákveðið að styrkja ekki kaup á dráttarvélum þar sem það orkar tvímælis að styrkja kaup á vélum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Jafnframt hefðu styrkir til dráttarvéla kaupa klárað sjóðinn fljótt þar sem um stórar fjárfestingar er að ræða.

Þá var ákveðið að styrkja ekki verkefni sem snúa að framræslu túna, þrátt fyrir tengingu viðkomandi verkefnis við loftslagsávinning, vegna áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika og stefnu stjórnvalda um varðveislu votlendis.

Loks var ákveðið að styrkja ekki kaup á notuðum tækjum í endursölu vegna möguleika á misnotkun styrkjakerfis auk þess sem lagt er upp með að fjölga loftslagsvænum tækjabúnaði í íslenskum landbúnaði.

5 Ávinningur

Grunnur að allri losun gróðurhúsalofttegunda vegna áburðarnotkunar er magn niturs sem borið er á tún en beint samband er á milli losunar CO₂-íg/ári og heildarmagns niturs sem borið er á tiltekið landsvæði. Umsækjendur þurftu að gefa upp áætlaðan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna kaupa á þeim tækjabúnaði sem sótt var um styrk fyrir. Áætlaður samdráttur er því byggður á gögnum frá umsækjendum sjálfum. Í umsóknarferlinu var umsækjendum bent á að hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins til að fá aðstoð við útreikninga á samdrætti í losun koldíoxíðs-ígilda á ári. Einnig var bent á eftirfarandi losunarstuðul, bæði fyrir beina og óbeina losun vegna áburðarnotkunar:

Hláturgaslosun (N₂O) vegna notkunar tilbúins áburðar: 5,44 kg CO₂-ígildi/kg N.

Samanlagður áætlaður samdráttur vegna þeirra 42 verkefna sem nú hljóta styrk nemur **1.007 tonnum CO₂-íg/ári**. Það jafngildir um 1% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna áburðarnotkunar (tilbúins áburðar og húsdýraáburðar) árið 2024. Það er eins og árslosun um 500 fólksbíla sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti.